



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

ATVINNUSTEFNA AKUREYRAR 2014 – 2021





EFNISYFIRLIT

Ávörp	3
Aðdragandi og aðferðafræði atvinnustefnunnar	4
Hlutverk sveitarfélagsins	5
Drifkraftar atvinnulífs á Akureyri til 2030	6
Lykilþættir – atvinnustefnan í hnotskurn	7
Framtíðarsýn í atvinnumálum Akureyrar 2021	8
Samantekt	9
Stefna markmið og aðgerðir	10
Málaflokkar stefnunnar	11
Rannsóknir og menntun	12
Lýðheilsa, heilbrigði og umhverfismál	14
Ferðapjónusta, verslun og almenn þjónusta	16
Iðnaður, sjávarútvegur og hefðbundnar atvinnugreinar	18
Menning og skapandi greinar	22
Stjórnsýsla og stuðningsstofnanir	24
Viðauki	26
Stöðugreining	27
Sviðsmyndir af atvinnulífi á Akureyri	28
Menntastofnanir á Akureyri	30
Stofnanir á Borgum	31
Þátttakendur í stefnumótuninni	32
Þátttakendur í sviðsmyndavinnunni	35

Útgefandi: Akureyrarstofa

Myndir: Ragnar Hólm, Auðunn Nielsson og fleiri

Hönnun og umbrot: Stíll

Prentun: Stell



ÁVÖRP

Ávarp bæjarstjóra

Öllum má ljóst vera að bæjarstjórn Akureyrar vill kappkosta að skapa hagkvæm skilyrði fyrir atvinnulífið og fyrirtækin í bænum. Til að tryggja skilvirka aðkomu Akureyrarbæjar að almennum og sértækum verkefnum er nauðsynlegt að móta skýra stefnu í atvinnumálum. Við mótun atvinnustefnu Akureyrar var beitt aðferðafræði sem gat af sér leiðarvísi um hlutverk sveitarfélagsins þegar kemur að atvinnuuppbyggingu sem og þátttöku í einstökum verkefnum. Þátttaka hagsmunaaðila í stefnumótunarvinnunni gat af sér langan lista verkefna sem ákjósanlegt er að hrinda í framkvæmd. Starfsmenn Akureyrarbæjar munu kappkosta að finna rétta aðila til að leiða samstarf um þau verkefni.

Það er einlæg ósk mín og von að sú stefna sem hér er sett fram nýtist til leiðbeiningar og upplýsingar fyrir alla hagsmunaaðila atvinnulífsins og að vilji verði til þátttöku og samstarfs meðal fyrirtækja, stoðkerfis og bæjarkerfis.

Við höfum allt að vinna.

Áfram Akureyri!

Eiríkur Björn Björgvinsson,

bæjarstjóri á Akureyri

Ávarp fagráðs verkefnisins

Fagráð Akureyrarstofu um mótun nýrrar atvinnustefnu þakkar öllum þeim sem komið hafa að verkefninu fyrir þeirra framlag. Atvinnustefna hvers tíma þarf að eiga rætur í nærumhverfinu. Er það trú okkar að með góðri þátttöku hagsmunaaðila í mótun stefnunnar hafi vel tekist til við að ná fram sem flestum sjónarhornum á hvað geti gerst og hvernig skuli bregðast við.

Atvinnustefnan er mikilvægt verkfæri fyrir bæði bæjaryfirvöld og atvinnulíf. Með henni er kortlagt hvert framtíðin getur leitt okkur og hvað þurfi til þess. Þannig á atvinnustefnan að vera gagnlegt hjálpartæki þegar unnið er að áætlanagerð, hvort sem er á sviði fjármála eða skipulags.





AÐDRAGANDI OG AÐFERÐAFRÆÐI ATVINNUSTEFNUNNAR

Aðdragandi

Upphaf þessarar stefnu má rekja til þess að bæjarstjórn Akureyrar setti á lagginnar starfshóp um atvinnumál til að varpa ljósi á hlutverk sveitarfélagsins í atvinnumálum. Hópurinn var sammála um að það væri hlutverk sveitarfélagsins að tryggja frjóan jarðveg til að atvinnulíf geti blómstrað og jafnframt verði eftirsóknarvert fyrir ný fyrirtæki að hefja þar starfsemi. Í kjölfarið var ákveðið að hefja stefnumótun í atvinnumálum með aðkomu helstu hagsmunaaðila atvinnulífsins.

Í fagræði atvinnustefnunnar voru:

Fjóla Björk Jónsdóttir
Ingibjörg Ringsted
Sigmundur Ófeigsson
Unnsteinn Jónsson

Ráðgjafafyrirtækið Netspor (nú sameinað KPMG) veitti faglega leiðsögn við framkvæmd verkefnisins. Sævar Kristinsson stefnumótunarráðgjafi leiddi þá vinnu en Hreinn Þór Hauksson verkefnisstjóri atvinnumála hjá Akureyrarstofu stýrði verkefninu fyrir hönd sveitarfélagsins. Auk hans vann Þórgnýr Dýrfjörð framkvæmdastjóri Akureyrarstofu með hópnum. Vinna fór fram á árinum 2013 og 2014.

Forsendur

Fagleg nálgun byggðist á tveimur meginþáttum:

- **Víðtæku samráði við hagsmunaaðila** – aðila atvinnulífs á atvinnusvæði sveitarfélagsins sem og stuðningsstofnanir á svæðinu. Jafnframt var lögð áhersla á aðkomu allra stjórnmalaafla á Akureyri og ekki hvað síst var reynt að gæta að kynjabundnu jafnræði.
- **Framtíðarsýn** – Mikil áhersla var lögð á að greina mögulega þróun atvinnulífs á Akureyri á komandi árum og hvaða áhrifaþættir vega mest í slíku samhengi.

Verklag

Aðferðafræðin byggði á vinnufundum þar sem í upphafi var lögð áhersla á að horfa til mögulegrar þróunar í atvinnulífi bæjarins. Það var gert með mótun sviðsmynda. Þeirri vinnu er lýst ítarlega í viðauka. Til afmörkunar voru í kjölfarið kallaðir til 6 vinnuhópar sem fjalla áttu um afmarkaða hluta atvinnulífsins. Við úrvinnslu var jafnframt tekið mið af öðrum stefnum Akureyrarbæjar og skýrslum sem unnar hafa verið fyrir svæðið. Stefnumótun í atvinnumálum til ársins 2021 er afrakstur þessa samráðs.

Framsetning

Annars vegar má lesa um sértæk og almenn hlutverk sveitarfélagsins þegar kemur að atvinnumálum. Þar er skilgreind aðkoma og áherslur bæjarkerfisins hvað varðar málaflokkinn.

Hins vegar er sett fram stefna, aðgerðadrifin markmið og sértæk verkefni í hverjum áhersluhópi. Það er í samræmi við vinnu þemahópa sem kallaðir voru til og áður var lýst.

Næstu skref fela í sér að leitast verður við að kanna fýsileika verkefna í samræmi við hlutverk og aðferðafræði sveitarfélagsins og finna hæfastan aðila til að leiða vinnuna í gegnum öflugt samstarf hagsmunahópa og klasa. Fara mun fram forgangsörðun verkefna, myndun hagsmunahópa og ýtarlegri tíma-, áfanga- og kostnaðargreining.

Þátttakendur:

112 manns frá fyrirtækjum og stofnunum sem endurspegla atvinnulíf bæjarins tóku þátt í mótun stefnunnar og gerð sviðsmynda. Auk þess var gerð rafræn könnun meðal forsvarsfólks fyrirtækja og stofnana. Alls svöruðu 140 könnuninni. Þar að auki hafa margir fulltrúar atvinnulífs og stofnana innan sveitarfélagsins lesið yfir drög á mismunandi stigum.

Öllum þátttakendum eru færðar bestu þakkir.



HLUTVERK SVEITARFÉLAGSINS

Almennt hlutverk í atvinnumálum

Sveitarfélagið kappkosti að hámarka gæði og samkeppnishæfni almennrar þjónustu á vegum þess sem leiðir af sér að eftirsóknarvert verður að búa og stunda atvinnustarfsemi innan þess. Gæði skólastarfs séu tryggð bæði á leik- og grunnskólastigi. Stuðningur við íþrótt- og menningarlíf stuðli með jákvæðum hætti að samkeppnisforski sveitarfélagsins og skapi sérstöðu með tilliti til búsetu og starfsemi fyrirtækja. Sveitarfélagið sér til þess að grunnþjónusta og þættir hennar þróist í takt við vöxt samfélagsins og þróun atvinnulífsins, s.s. skipulag, samgöngur, rafmagn, vatns-, gagna- og fráveitur o.s.frv.

Sérhæft hlutverk í atvinnumálum

Upplýsingar:

Akureyrarbær safnar með skipulögðum hætti upplýsingum um atvinnulíf og búsetu innan sveitarfélagsins og birtir opinberlega þannig að hagar sé af fyrir hagsmunaaðila atvinnulífs. Gagnaöflun fer fram í samstarfi við fagaðila fyrir tilstuðlan Akureyrarstofu.

Tengsl atvinnulífs við stjórnkerfi og yfirstjórn:

Stjórn Akureyrarstofu fer með atvinnumál fyrir sveitarfélagið. Akureyrarstofa tekur á móti erindum sem snerta atvinnumál og tengjast ekki almennri afgreiðslu deilda innan bæjarkerfisins eða afgreiðslu eftirlitsaðila vegna leyfisskyldrar starfsemi. Þegar svo ber við leiðbeinir Akureyrarstofa um hvar erindi eiga rétta heimahöfn, hvort sem það er innan bæjarkerfisins eða hjá aðilum utan þess.

Akureyrarstofa stuðlar að samvinnu og meðvitund um atvinnumál innan bæjarkerfis og tengdra aðila í þeim tilgangi að ná fram heildrænni sýn á málaflokkinn. Slíkt skal gert með skilvirkri upplýsingaflæði um þróun og áherslur í einstökum atvinnugreinum eða deildum.

Sveitarfélagið stendur fyrir formlegum samráðsvettvangi fulltrúa sveitarfélagsins og atvinnulífsins. Á þeim vettvangi fer fram greining á stöðu einstakra atvinnugreina og atvinnulífs í heild. Fundargerðir, ályktanir og skýrslur á vegum samráðsvettvangsins skal nýta til ráðgjafar innan bæjarkerfisins um áherslur og framgöngu í atvinnumálum. Reglulega skal gefið út efni sem byggir á málefnum á vegum samráðsvettvangsins og ætlað er til að gefa hagsmunaaðilum upplýsingar. Tryggja skal að allar helstu atvinnugreinar hafi aðgang að samráðsvettvangi þessum og að starfið taki mið af sameiginlegum hagsmunum sveitarfélagsins og þeirra sem þar starfa. Leitað skal til hagsmunasamtaka eftir tilnefningum.

Ráðgjöf samráðsvettvangsins verður höfð til hliðsjónar þegar ákvarðanir eru teknar umþáttöku sveitarfélagsins í ákveðnum verkefnum enda liggja fyrir heildrænt mat á að þátttaka þjóni heildarhagsmunum samfélagsins.

Sveitarfélagið styður við hagsmuni atvinnugreina þegar þörf er á. Slík hagsmunagæsla er þá í samræmi við upplýsingaöflun og greiningu á stöðu ákveðinna greina og mikilvægi þeirra fyrir afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið styður við starfsemi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar í samræmi við þarfir atvinnulífs.

Fjárfestingar:

Sveitarfélagið tekur ekki þátt í beinum fjárfestingum í atvinnulífi þó aðstæður hverju sinni geti leitt til undantekninga.

Þátttaka í verkefnum:

Megináhersla sveitarfélagsins verði á uppbyggingu innviða og leiðsögn. Aðgerðir þess skulu stuðla að framgangi verkefna sem hafa góð áhrif á heildarhag. Sveitarfélagið taki í afmörkuðum tilfellum þátt í stórum og smáum þróunarverkefnum með því skilyrði að þátttakan hafi ekki áhrif á samkeppnisstöðu innan atvinnugreina eða að verkefni hafi skýr og góð áhrif á heildarhag sveitarfélagsins. Þátttaka í þróunarverkefnum verði fyrst og fremst í höndum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar fyrir tilstuðlan og með stuðningi sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið getur verið upphafsaðili verkefna, eigandi eða þátttakandi eftir þörfum. Leitast skal við að tilnefna til þátttöku þann aðila innan bæjarkerfisins sem hefur besta þekkingu eða getur haft mest áhrif á framgang verkefna. Hagsmunaaðilar (einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög) myndi klasa eða félög eftir því sem við á og leggja fram vinnu og/eða fjármagn til viðkomandi verkefnis.

Þátttaka sveitarfélagsins í verkefnum skal vera tímabundin og að mestu á upphafsstigum. Markmið til lengri tíma sé að klasar og verkefni verði sjálfstæð.

Vilji hagsmunaaðila til þátttöku í klösum og verkefnum sé meginmælikvarði á mikilvægi þeirra og þeim verkefnum er sjálfhætt sem fá ekki næga þátttöku. Forgangs röðun verkefna skal vera í samhengi við mat á helstu áhrifaþáttum atvinnulífs eins og þeir birtast í atvinnustefnu sveitarfélagsins hverju sinni.




DRIFKRAFTAR ATVINNULÍFS Á AKUREYRI TIL 2030

Drifkraftar – sviðsmyndir - framtíðarsýn

Vinna öflugs hóps úr atvinnulífi, stoðkerfi og stjórnkerfi Akureyrar og nágrennasveitarfélaga leiddi af sér tvo þætti sem teljast megindrifkraftar og áhrifaþættir atvinnulífs fram til ársins 2030. Þeir eru:


- **Próun menntunar** – því menntun eykur þekkingu og eflir þannig nauðsynlega samkeppnishæfni.
- **Próun nýtingar náttúrulegra auðlinda** – því bætt nýting náttúruauðlinda til lands, sjávar og í lofti, eykur framleiðni, stuðlar að sjálfbærni og ýtir undir nýsköpun.





LYKILÞÆTTIR – ATVINNUSTEFNAN Í HNOTSKURN

Atvinnustefna Akureyrar tekur á og endurspeglast í eftirfarandi lykilþáttum:






FRAMTÍÐARSÝN Í ATVINNUMÁLUM AKUREYRAR 2021

Árið 2021 hafi atvinnulíf sveitarfélagsins stuðlað að bættri samkeppnishæfni, framförum og þróun vegna aukinnar þekkingar og herra menntunarstigs. Fjölbreytt menning sveitarfélagsins skapi líflegan bæjarbrag sem laði að bæði íbúa og gesti.

Öflugir innviðir bæjarfélagsins hvetji atvinnulífið til dáða.



SAMANTEKT

Atvinnustefnan er sett fram í sex málaflokkum á þremur megin sviðum:

VIRÐISAUKANDI LAUSNIR:

Iðnaður, sjávarútvegur og hefðbundnar atvinnugreinar

Fyrirtæki í öllum greinum sveitarfélagsins verði brautryðjendur í að skapa nýjar virðis- og framleiðniaukandi lausnir. Samkeppnishæfni byggji á þekkingu og færni fyrirtækja og starfsmanna þeirra og nánú samstarfi við rannsókn- og menntastofnanir.

Sveitarfélagið verði þekkt sem miðstöð rannsókna og þróunar í íslenskum matvælaíðnaði. Áhersla verði lögð á bættar flutningsleiðir í flugi og styttingu vegalengda á landi.

Rannsóknir og menntun

Sveitarfélagið verði þekkt sem framsækinn menntabær og byggji á öflugum rannsókn- og menntastofnunum sem séu í góðum tengslum við atvinnulíf og nærsamfélag. Þannig laði það að sér metnaðarfull fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.

Menning og skapandi greinar

Menning og skapandi greinar stuðli að nýsköpun í atvinnulífi og séu samþættar því með öflugum hætti, s.s. með eflingu menningartengdrar ferðapjónustu og stofnun menningarklasa. Öflugt menningarlíf stuðli að auknum lífsgæðum.

ALPJÓÐATENGING:

Atvinnusvæði sveitarfélagsins mun stækka á komandi árum bæði til austurs og vesturs með batnandi samgöngum og opnun markaða á norðurslóðum. Sveitarfélagið þarf að nýta möguleika í alþjóðaðróun, s.s. ferðapjónustu og takast á við áskoranir á norðurslóðum. Fylgjast þarf vel með verkefnaþróun og þjónustubörf og tryggja framboð í samræmi við eftirspurn.

Ferðapjónusta, verslun og almenn þjónusta

Akureyri verði áfram þekkt og kynnt sem einn öflugasti ferðapjónustu- og verslunarkjarni landsins og í forystu á sviði þjónustumenningar. Fjöldi ferðamanna sem komi til bæjarins aukist og tekjur af þeim margfaldist, einkum utan háannar.



LÍFSGÆÐI:

Lýðheilsa, heilbrigði og umhverfismál

Akureyri verði í fararbroddi í lýðheilsu sem heilsueflandi samfélag og taki sérstaklega til þátta eins og umhverfis- og íþróttamála. Þessir þættir byggji á heilsuvitund íbúa og sterkum fyrirtækjum og stofnunum á sviði heilbrigðisvísinda.

Stjórnsýslan og stuðningsstofnanir

Stjórnsýslan og stuðningsstofnanir á Akureyri verði virkir aðilar í uppbyggingu atvinnulífs bæjarins. Byggi það á markvissu samstarfi við hagsmunaaðila, skýrum ferlum og framúrskarandi þjónustu.



STEFNA, MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

Eftirfarandi kaflar lýsa stefnu og helstu markmiðum í sex málaflokkum sem áður voru tilgreindir.

Tiltekin markmið og sértækar aðgerðir tengdum þeim eiga uppruna sinn í vinnu þemahópa við mótun atvinnustefnunnar. Viðkomandi aðgerðir töldust bæta heildar samkeppnishæfni sveitarfélagsins.

Leitast verður við að kanna fýsileika verkefna í samræmi við yfirlýst hlutverk sveitarfélagsins eins og því er lýst í þessu skjali og finna hæfastan aðila til að leiða vinnuna í gegnum öflugt samstarf hagsmunahópa og klasa.

Næstu skref fela því í sér forgangsörðun verkefna, myndun hagsmunahópa og ýtarlegri tíma-, áfanga- og kostnaðargreiningu.





MÁLAFLOKKAR STEFNUNNAR

Þeir málaflokkar sem endurspeglar atvinnulíf Akureyrar eru:

1. Rannsóknir og menntun
2. Ferðapjónusta, verslun og almenn þjónusta
3. Iðnaður, sjávarútvegur og hefðbundnar atvinnugreinar
4. Lýðheilsa, heilbrigði og umhverfismál
5. Menning og skapandi greinar
6. Stjórnsýsla og stuðningsstofnanir

Samspil þessara þátta skapa atvinnulífi á Akureyri og íbúum bæjarins „öll lífsins gæði“*. Fjölbreytt atvinnulíf og „lifandi bæjarsamfélag“ er meðal helstu einkenna bæjarbragsins þar sem íbúar vilja geta notið framúrskarandi menningar og heilbrigðs lífsstíls. Þessi áhersla kemur skýrt fram í atvinnustefnunni þar sem bæði menning og lífsstílstengdir þættir njóta athygli ekki síður en hefðbundin atvinnustarfsemi.



* „Öll lífsins gæði“ er slagorð Akureyrar



RANNSÓKNIR OG MENNTUN

Stutt greining

Akureyri hefur á undanförunum árum og áratugum skapað sér sérstöðu sem skólabær og ekki síst háskólabær. Byggir það á metnaðarfullu starfi Háskólans á Akureyri og starfi rannsóknarstofnana á sértækum sviðum (í viðauka má sjá lista yfir menntastofnanir á Akureyri). Nemendum við háskóla á Íslandi hefur fjölgað á undanförunum árum og hefur HA fylgt þeirri þróun og verið með um 8% nemenda á landsvísi.

Jafnframt hafa Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar skapað bænum jákvæða ímynd fyrir öflugt starf í rannsóknar- og menntamálum. Nokkuð öflugt samstarf hefur verið á milli skólastiga þar sem HA kemur að rannsóknum og ráðgjöf varðandi leik- og grunnskólastig.

Upplýsingar um þróun menntunarstigs innan sveitarfélagsins eru mjög af skornum skammti.

Tækifæri

Margt bendir til að á komandi árum verði verulegar breytingar á atvinnuháttum á norðurslóðum, ekki síst vegna loftslagsbreytinga og áhrifa þeirra á lífríki og samfélagshætti. Mikilvægt er að fylgjast vel með þróun þessara mála og vera vakandi fyrir þeim áskorunum sem þar munu skapast, ekki síst hvað varðar nýtingu náttúruauðlinda. Aukið samstarf menntasamfélagsins við atvinnulíf ætti að skila aukinni framleiðni og uppbyggingu sprotafyrirtækja. Efla má það rannsóknar- og ráðgjafarsamstarf sem þegar er á vegum Háskólans á Akureyri gagnvart leik- og grunnskólum sveitarfélagsins og bæta framhaldsskólum og háskólanum sjálfum inn í það mengi sem rannsakað er til að laða fram heildarmynd.

Stefna

Sveitarfélagið verði þekkt sem framsækinn menntabær sem byggir á öflugum rannsóknar- og menntastofnunum sem laði að metnaðarfull fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Samspil rannsókna og atvinnulífs leiði af sér aukna framleiðni og uppbyggingu sprotafyrirtækja.





Markmið

1. Háskólinn á Akureyri og aðrar íslenskar menntastofnanir á háskólastigi, rannsóknarstofnanir, framhaldsskólar á Akureyri og aðilar í framhaldsfræðslu stuðli að fjölbreyttu námsframboði og hafi um það samráð við atvinnulíf og nærsamfélag
2. Öflugt starf menntastofnana og samstarf við atvinnulíf stuðli að nýsköpun og uppbyggingu nýrra sprotafyrirtækja.
3. Akureyri viðhaldi stöðu sem miðstöð norðurslóðaverkefna og rannsókna tengdum þeim.
4. Stöðugt verði unnið að því að bæta menntunarstig á svæðinu.

Aðgerðir

Um 1.

- Reglulega verði haldnir samráðsfundir atvinnulífs með mennta- og rannsóknarstofnunum til að greina framtíðar þarfir fyrir menntun og rannsóknir. Eftirfylgni: Samráðsvettvangur atvinnulífs og bæjarkefis, HA, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og framhaldsskólar.
- Atvinnulíf kosti og styðji við nám á framhaldsstigi, s.s. doktorsnám og sérhæft nám á meistarastigi. Eftirfylgni: HA.
- Tryggt verði þekking á styrkjaumhverfi fyrir rannsóknir sem nýtist rannsakendum við að afla fjármagns. Eftirfylgni: Rannsóknar- og þróunarstofnun Háskólans á Akureyri, Norðurslóðanet Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Markvisst verði unnið að því að tengja hugmyndir frá mennta- og rannsóknarstofnunum á svæðinu til eflingar atvinnulífi. Loka- og rannsóknarverkefni nemenda nýtist til hagnýtingar fyrir stofnanir og fyrirtæki. Eftirfylgni: HA, framhaldsskólar, Akureyrarstofa og Atvinnuþróunarfélög Eyjafjarðar.
- Leitast verði við að útvíkka rannsóknir skólaþróunarsviðs HA þannig að þær nái yfir framhaldsskóla til viðbótar því sem nú er. Eftirfylgni: Skólaþróunarsvið HA.

Um 2.

- Öflug sérhæfð starfsemi á sviði auðlindarannsókna nýtist atvinnulífi til uppbyggingar þekkingar og tækni sem stuðlar að aukinni framleiðni í tengdum greinum. Með klasasamstarfi rannsóknar- og menntastofnana, fyrirtækja í sjávarútvegi og öðrum matvælaíðnaði, verði til samstillt áttak í rannsóknum á þróun matvælaafurða sem leiðir af sér nýsköpun og sprotafyrirtæki. Það verði gert með öflugu klasasamstarfi aðila

um að skapa stuðningsumhverfi og aðstöðu auk fjármögnunar. Eftirfylgni: Matis, HA, framhaldsskólar, Akureyrarstofa og einkafyrirtæki.

Um 3.

- Akureyrarbær styðji með margvíslegum hætti við starfsemi Norðurslóðanets Íslands og yfirlýstan tilgang þess þannig að viðvera þess á Akureyri hafi góð áhrif á afkomu sveitarfélagsins. Eftirfylgni: Akureyrarstofa og Norðurslóðanet Íslands.
- Rannsóknarstofnanir innan sveitarfélagsins verði sýnilegar á sviði norðurslóðarannsókna á Íslandi, m.a. með ráðstefnuhaldi, reglulegum greinaskrifum og birtingu rannsóknarniðurstaðna. Eftirfylgni: Norðurslóðanet Íslands, RHA og HA.
- Sótt verði fjármagn, jafnt frá innlendum sem og erlendum aðilum, til rannsóknarverkefna tengdum norðurslóðum. Eftirfylgni: Norðurslóðanetið.

Um 4.

- Þróuð verði þekking, færni og hæfni fólks á vinnumarkaði í samræmi við fyrirsjáanlegar breytingar á vinnumarkaði hverju sinni og í samræmi við greiningu á framtíðarþörfum. Eftirfylgni: SÍMEY, HA, og framhaldsskólar.
- Boðið verði í auknum mæli starfstengt réttindanám með stuðningi atvinnulífsins. Eftirfylgni: SÍMEY, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Stéttarfélag á svæðinu.
- Aðilum á vinnumarkaði verði gert kleift og þeir hvattir til að sækja sér sí- og endurmenntun, náms- og starfsráðgjöf og taka þátt í raunfærnimati. Eftirfylgni: SÍMEY og stéttarfélag á svæðinu.

- » Regluleg greining á framtíðarþörfum menntunar og rannsókna í samhengi við þarfir atvinnulífs
- » Stuðningur atvinnulífs við framhaldsnám
- » Hagnýting loka og rannsóknarverkefna nemenda
- » Sprotafyrirtæki tengd rannsóknarumhverfi
- » Miðstöð norðurslóðarannsókna



LÝÐHEILSA, HEILBRIGÐI OG UMHVERFISMÁL

Stutt greining

Aukin heilbrigðisvitund og lífstílsbreytingar um allan heim hafa skapað tækifæri á fjölmörgum sviðum samfélagsins. Innan sveitarfélagsins eru mjög góðir innviðir til frekari uppbyggingar á þessu sviði.

Sveitarfélagið er þekkt fyrir öflugt íþróttastarf. Í bænum er Vetrariþróttamiðstöð Íslands auk fjölmargra íþrótt- og heilsutengdra mannvirkja sem nýst geta til fjölbreyttrar iðkunar íþróttagreina og heilsutengdrar starfsemi.

Heilbrigðisþjónusta innan sveitarfélagsins er fjölbreytt með Sjúkrahúsið á Akureyri sem kjölfestu. Fyrir hendi er góð aðstaða og þekking á heilsutengdum þáttum. Sveitarfélagið stendur framarlega í umhverfismálum og er veruleg umhverfissvakning meðal fyrirtækja og íbúa.

Stefna

Samfélagið á Akureyri verði í fararbroddi á sviðum lýðheilsu, umhverfis- og íþróttamála og byggi á góðri aðstöðu og metnaðarfullri þekkingu íbúa, stofnana og fyrirtækja.

Tækifæri

Nýta ber þá innviði sem þegar eru fyrir hendi til að bæta ímynd Akureyrar sem heilsueflandi samfélags og beita þeirri ímynd í auknum mæli til markaðssetningar. Sömuleiðis er hægt að nýta betur þau íþróttamannvirki sem til eru með því að fjölga aðilum sem haft geta hag af nálægð við slík mannvirki.





Markmið

1. Sveitarfélagið stefni að því að verða „heilsuefandi samfélag“
2. Myndaður verði klasi hagsmunaaðila sem stefni að því að koma á fót öndvegissetri (Centre of Excellence) á Akureyri í íþróttum, heilbrigðis og lýðheilsuálum og mynda sérhæfni á slíkum sviðum.
3. Skipulag á Akureyri taki mið af heilsusamlegu umhverfi.
4. Sveitarfélagið verði þekkt fyrir metnað í umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu auðlinda og leitist við að vera í fararbroddi í þáttum sem snúa að umhverfismálum.

Aðgerðir

Um 1.

- Sveitarfélagið taki tillit til sjónarmiða lýðheilsu við stjórnsýslulegar ákvarðanir (sbr. e. Health in policies). Eftirfylgni: Landlæknisembættið, forstöðumaður íþróttamála og Akureyrarstofa.
- Aukin áhersla verði á lýðheilsu í tengslum við nám í heilbrigðisvísindum. Eftirfylgni: HA, Heilsugæslustöðin á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Um 2.

- Kannaðir verði möguleikar á að byggja upp sérhæft nám í íþróttfræðum, íþróttakennslu og tengdum greinum innan sveitarfélagsins og skoðaðar verði leiðir til að samþætta nám og afreksíþróttir. Sérstaklega verði horft til nýtingar íþróttamannvirkja bæjarins á þessu sviði. Eftirfylgni: Forstöðumaður íþróttamála hjá Akureyrarbæ, framhaldsskólar og HA.
- Í sveitarfélaginu verði starfrækt rannsóknarmiðstöð sem sinni rannsóknum fyrir sem flestar heilsutengdar greinar s.s í tengslum við sérhæft nám í íþróttfræðum, íþróttakennslu og tengdum greinum. Eftirfylgni: Forstöðumaður íþróttamála hjá Akureyrarbæ, framhaldsskólar og HA.
- Sjúkrahúsið á Akureyri verði alþjóðlega vottað og geti þannig eflt bæði faglegt starf og umfang. Eftirfylgni: Sjúkrahúsið á Akureyri og AFE.

Um 3.

- Framkvæmdaaðilar taki mið af markmiðum um heilsuefandi samfélag við uppbyggingu náttúru- og útivistarsvæða og samgöngumannvirkja. Eftirfylgni: Skipulagsdeild Akureyrarbæjar.
- Komið verði á samstarfi fagaðila og sveitarfélagsins við að leggja drög að uppbyggingu heilsusamlegs umhverfis í bænum, t.d. við lagningu göngu- og hjólastíga með það að leiðarljósi að vinna gegn nútíma lífstíllsjúkdómum. Eftirfylgni: Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar og forstöðumaður íþróttamála hjá Akureyrarbæ.

Um 4.

- Umhverfismál verði höfð að leiðarljósi við mótun og framkvæmd stefnu sveitarfélagsins í sem flestum málaflokkum. Eftirfylgni: Forstöðumenn umhverfismála og framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.

- » **Heilsuefandi samfélag**
- » **Bætt nýting íþróttmannvirkja**
- » **Nám og rannsóknir í íþróttum og heilsutengdum málum**
- » **Íþróttarannsóknarmiðstöð**
- » **Alþjóðleg vottun Sjúkrahússins á Akureyri**



FERÐAÞJÓNUSTA, VERSLUN OG ALMENN ÞJÓNUSTA


Stutt greining

Ferðaþjónusta hefur vaxið mjög á Akureyri á síðustu árum með greinilegri fjölgun ferðamanna og auknum umsvifum aðila í ferðaþjónustu. Bærinn er miðpunktur í þjónustu við íbúa og ferðamenn á Norðausturlandi og mikilvægur þjónustu- og verslunarkjarni fyrir íbúa á Austurlandi og Norðurlandi vestra. Góð þjónusta gegnir lykilhlutverki og hefur bærinn verið þekktur fyrir góða grunngerð, öfluga verslun og hátt þjónustustig. Akureyrarflugvöllur og hafnaraðstaða bæjarins eru sömuleiðis mikilvægir þættir í þjónustuframboði svæðisins. Þó nokkuð er um viðburði í bænum sem skapa veltu í ferðaþjónustu og verslun.

Tækifæri

Vinna þarf heildræna stefnumótun í ferðaþjónustu sem stuðlar að samræmingu aðgerða og skilgreinir stöðu bæjarins sem annars vegar þjónustukjarna og hinsvegar sem aðdráttarfls gagnvart ferðamönnum. Helstu áskoranir ferðaþjónustu og verslunar eru miklar árstíðasveiflur og þannig óskilvirk nýting starfsfólks og annarra rekstrarþátta. Upptökusvæði ferðaþjónustu er stórt og mikið þjónustuframboð fyrir hendi sem ætti að nýtast til markaðssetningar. Væntanleg Vaðlaheiðagöng munu auka verulega tækifæri Akureyrar sem þjónustumiðstöðvar fyrir Norður- og Austurland. Nauðsynlegt er að flugklasinn AIR66 nái að efla reglulegt millilandaflug. Hugsanlega er hægt að fjölga viðburðum.

Gistinætur erl. ferðamanna á Norðurlandi



Stefna

Akureyri verði þekkt og kynnt sem einn öflugasti ferðaþjónustu- og verslunarkjarni landsins og í forystu á sviði þjónustumenningar. Fjöldi ferðamanna sem kemur til Akureyrar, einkum utan háannar, aukist og tekjur af þeim margfaldist. Árstíðasveiflur verði í lágmarki.





Markmið

1. Sveitarfélagið verði áfram miðdepill ferðapjónustu á Norðurlandi og jafnframt einn helsti segull í ferðapjónustu svæðisins.
2. Auknir möguleikar til heilsársferðapjónustu festi ferðamennsku í sessi sem heilsársatvinnugrein og stuðli þar með að auknu starfsöryggi og bæti rekstrargrundvöll fyrirtækja.
3. Sveitarfélagið viðhaldi stöðu sinni sem þjónustukjarna þar sem fjölbreytt verslun og þjónusta á Akureyri byggji á háu þjónustustigi og góðu vöruúrvali.

Aðgerðir

Um 1.

- Unnið verði markvisst að eflingu millilandaflugs um Akureyrarflugvöll með rekstri flugklasans AIR66 og útgáfu á kynningarefni um Akureyri sem viðkomustaðar. Eftirfylgni: Markaðsstofa Norðurlands og Akureyrarstofa.
- Mótuð verði ferðamálafestna Akureyrar þar sem fari fram greining á stöðu og þróun greinarinnar og markhópagreining. Sett verði markmið til framtíðar í samráði við hagsmunaaðila. Mótaðar verði sértækar aðgerðir til að auka virði vöru og þjónustuframboðs sem taki mið af kröfum og þörfum skilgreindra markhópa. Eftirfylgni: Akureyrarstofa.

Um 2.

- Áfram verði þróaðir reglulegir viðburðir á Akureyri sem laða að ferðamenn, íslenska og erlenda. Aukin áhersla verði á viðburði utan háannar og leitað eftir viðburðum á fleiri sviðum en hingað til, s.s. íþrótt- og heilsutengdra viðburða o.fl. Leitast verði eftir að fá stóra viðburði, sem þegar hafa verið skilgreindir, til bæjarins. Eftirfylgni: Akureyrarstofa og Markaðsstofa Norðurlands.
- Náttúrleg sérstaða, s.s. fjöll og fossar, skíðasvæði, norðurljós o.fl. verði nýtt markvisst til að fá ferðamenn til að gista fleiri nætur í bænum utan háannar. Eftirfylgni: Akureyrarstofa og Markaðsstofa Norðurlands.

Um 3.

- Skólar og fyrirtæki á sviði þjónustu, verslunar og ferðamennsku standi fyrir markvissri sí- og endurmenntun á sviði þjónustu sem efli enn frekar þjónustumenningu svæðisins. Eftirfylgni: Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.
- Komið verði á samstarfsvettvangi verslunarmanna. Eftirfylgni: Akureyrarstofa
- Verslun á Akureyri eflist með auknu samstarfi, sameiginlegri markaðssetningu og markaðsdrifnum opnunartíma í miðbæ, á Glerártorgi sem og annars staðar innan sveitarfélagsins allt árið. Eftirfylgni: Akureyrarstofa og samráðsvettvangur verslunarmanna á vegum samráðsvettvangs atvinnulífs og stjórnkerfis.



- » **Akureyri grunnsegull ferðapjónustunnar**
- » **Heilsársferðapjónusta stóruakist**
- » **Millilandaflug um Akureyrarflugvöll**
- » **Markaðsdrifinn opnunartími**
- » **Þjónustumenning**



ÍÐNAÐUR, SJÁVARÚTVEGUR OG HEFÐBUNDNAR ATVINNUGREINAR

Stutt greining

Í sveitarfélaginu hafa lengi starfað mjög öflug fyrirtæki með sterka hefð í iðnaði og sjávarútvegi. Má segja að þær greinar hafi verið kjölfesta atvinnulífs á svæðinu. Nokkur stærstu fyrirtæki landsins á sviði matvælaframleiðslu eru innan marka sveitarfélagsins. Sjávarútvegs- og auðlindadeild Háskólans á Akureyri er gott dæmi um samspil menntakerfis og atvinnulífs sem mætti byggja á til að auka framleiðni og efla þar með verðmætasköpun. Flutningskostnaður er íþyngjandi þáttur í rekstri margra fyrirtækja sem byggja á sölu í Reykjavík eða erlendis og hvers kyns samgöngur skipta fyrirtæki miklu máli. Mikilvægt er að skipulagsyfirvöld séu meðvituð um breytingar sem verða innan atvinnugreina og að skipulag tryggi samlegðaráhrif á sama tíma og það kemur í veg fyrir árekstra.

Stefna

Fyrirtæki í öllum greinum á Akureyri, þ.m.t. framleiðslufyrirtæki, verði brautryðjendur í að skapa nýjar virðis- og framleiðniaukandi lausnir sem byggja á þekkingu og færni fyrirtækja og starfsmanna. Þannig verði atvinnulífið áfram fjölbreytt og öflugt og tryggi forskot sitt og samkeppnishæfni með faglegum metnaði og nánu samstarfi við rannsókn- og menntastofnanir.

Tækifæri

Auka þarf samstarf milli atvinnulífs og menntakerfis, sem getur lagt grunn að áframhaldandi uppbyggingu iðnaðar, matvælavinnslu og sjávarútvegs og stuðlað þar með að aukinni framleiðni og verðmætasköpun. Mögulegt er að heimfæra samstarf sem þegar er til staðar í sjávarútvegi yfir á aðra matvælavinnslu og jafnvel aðrar greinar. Sterk staða í matvælavinnslu ætti að geta nýst innan annarra atvinnugreina og vert að huga að heildrænni markaðssetningu. Möguleikar til að lækka flutningskostnað hefðu góð heildræn áhrif á svæðið.

Gott framboð þjónustu og þekkingar gerir Akureyri að góðum kosti sem miðpunktur þjónustu við starfsemi á norðurslóðum og því er vert að huga að uppbyggingu mannvirkja og klasasamstarfi í slíku samhengi.





Markmið

1. Verðmætasköpun svæðisins byggji á öflugum fyrirtækjum og margbreytilegum stoðgreinum sem í samstarfi við mennta- og rannsóknarstofnanir og samvinnu við nágrannabyggðir stuðli að aukinni framleiðni og nýsköpun. Þannig verði lagður grunnur að áframhaldandi fjölbreyttu atvinnulífi Akureyrar.
2. Fyrirtæki á Akureyri verði í fararbroddi í þróun og framleiðslu matvæla á landsvísu. Bærinn verði þekktur sem miðstöð rannsókna og þróunar í íslenskum matvælaíðnaði og skapi þannig fjölda nýrra starfa bæði á sviði hátækni og framleiðslu í greininni.
3. Unnið verði markvisst að bættum samgöngum og lækkun flutningskostnaðar til og frá Sveitarfélaginu.
4. Fyrirtæki og stofnanir innan sveitarfélagsins verði í fararbroddi í þjónustuframboði við starfsemi á norðurslóðum.
5. Tryggt verði nægjanlegt framboð athafna- og iðnaðarsvæða og skipulag stuðli að samlegð.



- » Samstarfsvettvangur fyrirtækja á Akureyri
- » Aukið samstarf rannsóknarstofnana og atvinnulífs
- » Endurnýjuð áhersla á mat úr héraði
- » Rannsóknir og þróun matvæla og sjávartengdra afurða
- » Bættar samgöngur og lægri flutningskostnaður



IÐNAÐUR, SJÁVARÚTVEGUR OG HEFÐBUNDNAR ATVINNUGREINAR

Aðgerðir

Um 1.

- Eflður verði samstarfsvettvangur fyrirtækja til að fjalla um sameiginleg hagsmuna- og samstarfsverkefni. Áhersla verði á nýsköpunar- og þróunarverkefni sem stuðli að aukinni framleiðni og verðmætasköpun sem þátttakendur og svæðið hafi sameiginlegan ávinning af. Eftirfylgni: Samráðsvettvangur atvinnulífs og stjórnkerfis.
- Samstarf stjórnsýslustofnana, mennta- og rannsóknarstofnana og einkafyrirtækja um atvinnuuppbyggingu verði stóraukið, t.d. með klasasamstarfi. Áhersla verði lögð á nýtingu rannsókna og menntunar til verðmætasköpunar í gegnum aukna framleiðni og nýsköpun. Eftirfylgni: Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Akureyrarstofa.



Um 2.

- Með samstarfi rannsóknar- og menntastofnana, fyrirtækja í sjávarútvegi og öðrum matvælaíðnaði, verði til samstillt átak í rannsóknum tengdum þróun matvæla- og sjávartengdra afurða sem leiði af sér nýsköpun og sprotafyrirtæki. Það verði gert með öflugu klasasamstarfi aðila um sköpun stuðningsumhverfis og aðstöðu auk fjármögnunar. Eftirfylgni: Matís, HA, framhaldsskólar, Akureyrarstofa og einkafyrirtæki.
- Klasinn Matur úr héraði— Local food verði eflður með auknu samstarfi matvælaframleiðslufyrirtækja og veitingamanna á Akureyri. Áhersla verði lögð á rannsóknir og virðisaukandi þróun á matvælum úr héraði og hugað að sérstöðu, s.s. gagnvart ferðamennsku. Eftirfylgni: Aðstandendur matvælaklasans Matur úr héraði og Akureyrarstofa.





Um 3.

- Áfram verði unnið að eflingu reglulegs millilandaflugs um Akureyrarflugvöll í samstarfi við flugklasann AIR66. Eftirfylgni: Markaðsstofa Norðurlands.
- Fyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi vinni saman að lækkun flutningskostnaðar. Skoðuð verði stofnun flutningsklasa Norðurlands og kerfisbundið leitast eftir að stytta vegalengdir milli Norður- og Suðurlands. Eftirfylgni: Eyþing, AFE, Akureyrarstofa.
- Öflug frakt- og umskipunarhöfn við Dysnes verði í fararbroddi í hafntengdri starfsemi á norðurslóðum og byggi á fjölbreyttri atvinnusköpun svæðisins. Eftirfylgni: Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.
- Leitað verði eftir því að fá fleiri opinberar stofnanir og opinber störf til Akureyrar, s.s. störf án staðsetningar. Eftirfylgni: Akureyrarstofa, AFE og Eyþing.
- Tryggt verði að gagnaflutningar um háhraðanet að utan og innan bæjarfélagsins verði í takt við það besta sem þekkist. Eftirfylgni: Eyþing.

Um 4.

- Náð verði fylgst með þróun í námu- og olíuvinnslu við Grænland og öðrum norðlægum svæðum og tryggt að íslensk fyrirtæki verði í fararbroddi við að bjóða þjónustu og sérþekkingu tengdri slíkum verkefnum. Eftirfylgni: AFE.

Um 5.

- Skipulagsyfirvöld tryggja framboð af skipulögðum athafna- og iðnaðarsvæðum í samræmi við þarfir markaðarins. Eftirfylgni: Skipulagsdeild Akureyrar og Akureyrarstofa.

- » **Samstarfsvettvangur fyrirtækja á Akureyri**
- » **Aukið samstarf rannsóknarstofnana og atvinnulífs**
- » **Endurnýjuð áhersla á mat úr héraði**
- » **Rannsóknir og þróun matvæla og sjávartengdra afurða**
- » **Bættar samgöngur og lægri flutningskostnaður**



MENNING OG SKAPANDI GREINAR

Stutt greining

Akureyri byggir á gamalgrónu en jafnframt framsæknu menningarlífi. Bærinn hýsir meginstofnanir á sviði leiklistar, tónlistar, myndlistar og í safnagerianum. Þannig er Akureyri miðstöð atvinnumennsku í menningarstarfi utan höfuðborgarsvæðisins.

Skapandi greinar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í bæjarfélaginu enda viðtækur flokkur. Má þar nefna þætti eins og sviðslistir, tónlist, sjónlist, ritlist, ljósmyndun, hönnun, nytjalist, kvikmyndagerð o.fl.

Menningarhúsið Hof var vígt 2010 og hefur það skapað nýja möguleika í framleiðslu og móttöku viðburða af ýmsu tagi.

Í sérstakri menningarstefnu Akureyrar 2013–2018 er fjallað nánar um þá meginþætti sem tengjast menningu og skapandi greinum.

Tækifæri

Efla þarf samstöðu fólks í skapandi greinum og meðvitund fyrirtækja á svæðinu um góð samfélagsleg áhrif þátttöku og stuðnings við listgreinar og skapandi greinar.



Stefna

Menning og skapandi greinar séu í fararbroddi í nýsköpun í atvinnulífinu og samþættar öðrum greinum atvinnulífsins. Þáttur menningar og skapandi greina verði viðurkenndur sem mikilvægt aðdráttarafl ferðamanna og sem stór hluti af lífsgæðum íbúa.





Markmið

1. Starfsumhverfi menningar njóti viðurkenningar bæði fyrir eigin verkefni og ekki síður fyrir aðkomu að eflingu atvinnulífs.
2. Áfram verði tryggt fjölbreytt menningarlíf sem stöðugt endurnýjast í takt við breyttar kröfur á mismunandi tímum. Fjölbreytt framboð menningar tryggir atvinnu listafólks og tengd störf sem uppfylla þörf íbúa og gesta til að njóta menningar.
3. Meðvitund um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stofnana leiði til aukins framboðs menningar og skapandi greina.

Aðgerðir

Um 1.

- Stuðlað verði áfram að rekstri stofnana og félaga sem veita atvinnufólki í listum tækifæri. Hugað verði að fýsileika verkefna í samhengi við fjárhagslega afkomu þegar unnt er. Eftirfylgni: Akureyrarstofa.
- Menningarlíf á Akureyri verði lykilþáttur í eflingu ferðapjónustu svæðisins. Eftirfylgni: Akureyrarstofa og Markaðsstofa Norðurlands.

Um 2.

- Stofnaður verði klasi ólíkra menningarstofnana og aðila sem starfa í greininni til að efla frjótt umhverfi menningarmála. Verkefni klasans snúist m.a. um listrænt nám, markaðssetningu menningar fyrir ferðapjónustu ásamt tengslamyndun. Einnig stuðli hann að markvissu samstarfi milli atvinnumanna og leikmanna í menningarstarfi. Eftirfylgni: Akureyrarstofa.

Um 3.

- Stuðlað verði að aukinni meðvitund fyrirtækja og stofnana innan sveitarfélagsins um samfélagslega ábyrgð s.s. á sviði menningarmála. Eftirfylgni: Akureyrarstofa.
- Komið verði á fót sjóði með aðkomu fyrirtækja sem styðji aðila til menningarsköpunar s.s. í Hofi og fleiri stöðum. Eftirfylgni: Akureyrarstofa.



- » Menning og skapandi greinar stuðli að nýsköpun í atvinnulífi Akureyrar
- » Menningarlíf lykilþáttur í eflingu ferðapjónustu
- » Menningarklasi



STJÓRNSÝSLA OG STUÐNINGSTOFNANIR

Greining

Á Akureyri er að finna öfluga opinbera aðila sem vinna að atvinnuþróun.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyrarstofu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands má nefna sem dæmi um stoðaðila sem vinna almennt að atvinnuþróun. Nýsköpunarmiðstöðin starfar á landsvísi að uppgangi nýsköpunartækifæra, AFE er samvinnuvettvangur sveitarfélaga í Eyjafirði um atvinnuþróun og Akureyrarstofa hugar sérstaklega að atvinnuþróun innan sveitarfélagsins. Ferðamálastofa og Markaðsstofa Norðurlands er dæmi um aðkomu stuðningsstofnunar að sértækum greinum atvinnulífs (ferðamennska) og sömuleiðis heldur Akureyrarstofa sérstaklega úti starfsemi sem styður við ferðamennsku. AFE starfrækir Vaxtarsamning Eyjafjarðar fyrir íslenska ríkið. Samningurinn miðar að stuðningi við og framþróun viðskiptahugmynda á frumstigi.

Stefna

Stjórnsýslan og stuðningsstofnanir á Akureyri verði virkir aðilar í uppbyggingu atvinnulífs bæjarins. Byggi það á samstarfi við hagsmunaaðila, skýrum ferlum og markvissri aðkomu að verkefnum.

Tækifæri

Einfalda ber aðkomu atvinnulífs að stoðkerfi með minni fjarlægð á milli stoðaðila. Tækifærin liggja einnig í aukinni aðkomu stoðkerfis að nýsköpun með bættri aðstöðu fyrir frumkvöðla og aukinni þekkingu rannsakenda og viðskiptaaðila á styrkjaumhverfi. Skýra þarf hlutverk sveitarfélagsins hvað varðar aðkomu að verkefnum, forgangsörðun og skipan mála innan stjórnkerfisins. Aukin formleg samræða hagsmunaaðila um stöðu og þróun atvinnulífs bæjarins og einstakra greina myndi stuðla að bættri upplýsingagjöf og þar með að betri ákvörðunum stjórnkerfis sem og einkaaðila. Nauðsynlegt er að til séu greiningargögn sem lýsa umfangi og eiginleikum atvinnulífs.





Markmið

1. Skerpt verði á starfsumhverfi stoðkerfis og hlutverk bæjarins gert sýnilegra.
2. Tryggt verði reglulegt flæði upplýsinga um stöðu atvinnulífs sem auðveldi alla ákvarðanatöku stjórnsýslu og hagsmunaaðila til eflingar atvinnulífsins.
3. Frumkvöðlastarf fái aukið vægi í sveitarfélaginu með því að frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum verði gert auðveldara að þróa og vinna úr hugmyndum sínum.
4. Í sveitarfélaginu verði markvisst staðið fyrir kynningum á því styrkjaumhverfi sem býðst aðilum sem vilja þróa viðskiptahugmyndir eða standa að vöruþróun og nýsköpun.

Aðgerðir

Um 1.

- Stofnað verði til samráðsvettvangs atvinnulífs og stjórnkerfis þar sem fram fer regluleg greining á stöðu og þróun einstakra greina. Þannig verði aukið samstarf og upplýsingagjöf hagsmunaaðila atvinnulífs til að auka gegnsæi og stuðla að bættri ákvörðunartöku, hvort sem er á vegum stjórnkerfis eða einkaaðila. Eftirfylgni: Akureyrarstofa.
- Kannaðir verði möguleikar og hagkvæmni þess að ná saman stoðaðilum á sama stað og hámarka þar með möguleika sem hljótask af auknu samstarfi aðila sem starfa að sama markmiði. Eftirfylgni: Eyþing, Akureyrarstofa og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

Um 2.

- Stofnað verði til formlegs samstarfs á milli stjórnkerfis Akureyrarbæjar og hagsmunaaðila atvinnulífs um öflun tölulegra gagna úr atvinnulífinu, úrvinnslu þeirra og útgáfu greiningarefnis. Eftirfylgni: Akureyrarstofa, Rannsóknar- og þróunarstofnun Háskólans á Akureyri og AFE.

Um 3.

- Kannaðir verði möguleikar á stofnun frumkvöðlasetsurs sem hefði það meginmarkmið að efla aðstoð við þróun viðskiptahugmynda fyrirtækja og frumkvöðla, ekki síst með hagnýtingu tengsla og þekkingar. Eftirfylgni: Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Akureyrarstofa og AFE.

Um 4.

- Stoðaðilar safni að sér yfirgripsmikilli þekkingu á íslensku og erlendu styrkjaumhverfi og kynni það fyrir hagsmunaaðilum atvinnulífsins þegar svo ber undir. Eftirfylgni: NMÍ og AFE.

- » **Stofna Samráðsvettvang atvinnulífs og bæjarkerfis**
- » **Aukið samstarf stoðaðila og stofnana**
- » **Söfnun og úrvinnsla tölulegra gagna um atvinnulíf innan sveitarfélagsins**
- » **Frumkvöðlasetur**
- » **Aukin aðstoð við sókn í styrki**



Atvinnustefna Akureyrar
2014-2021

VIÐAUKI





STÖÐUGREINING

Við úrvinnslu stefnumótunarinnar var stefnt að viðamikilli greiningarvinnu tölulegra gagna. Slík greining reyndist þegar á hólminn var komið vera ýmsum annmörkum háð, sökum takmarkaðs aðgengis að grunnögnum frá opinberum stofnunum, s.s. Hagstofu Íslands og Ríkisskattstjóra


Eftirfarandi er stutt greinargerð:

Akureyri er tæplega 20.000 íbúa bæjarfélag. Um 61% þeirra eru á aldrinum 19-66 ára, þ.e. á virkum starfsaldri (Hagstofan, tölur frá 2011-13). Hrísey sameinaðist Akureyri árið 2004 og Grímsey árið 2009. Sveitarfélagið er þátttakandi í samstarfsverkefnum og sameiginlegri atvinnuþróun sveitarfélaga. Það á sérstaklega við um Eyjafjarðarsvæðið en sömuleiðis um Þingeyjarsýslur í gegnum starfsemi Eyþings. Ef hugað er að þróun atvinnusvæðis sveitarfélagsins er víst að það muni stækka til austurs með tilkomu Vaðlaheiðarganga og mögulegt er að útvíkka það til norðurs í samhengi við skilgreind tækifæri sem til koma vegna breytinga á norðurlóðum.


Atvinnuleysi á Norðausturlandi hefur verið um 3% árið 2013 og farið minnkandi á síðustu árum.

Gögn frá Ríkisskattstjóra (unnið í ágúst 2013) sýna að síðastliðna tvo áratugi hafa framleiðslugreinar og iðnaður staðið undirstöðu hlutfalli útsvarstekna sveitarfélagsins með launagreiðslum til íbúa (37% árið 2012). Þar eru matvælatengdar framleiðslugreinar eins og sjávarútvegur og kjötvinnsla stærstar (20%). Þjónustugreinar og verslun hafa sömuleiðis skilað miklu í búið (28% árið 2012). Athygli vekur að ríki og sveitarfélag stóðu sjálf fyrir 33% af launagreiðslum til íbúa bæjarins. Sú tala inniheldur Háskólan á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri. Greinar sem beint tengjast ferðaþjónustu stóðu fyrir 5% af launagreiðslum árið 2012.

Samanlagðar rekstrartekjur fyrirtækja með höfuðstöðvar á Akureyri skv. ársreikningum 1997 til 2011



Útsvarstekjur per íbúa



Þegar horft er til þess hvernig íbúar Akureyrar dreifast á atvinnugreinar kemur í ljós að 20% útgefna launamiða árið 2012 má rekja til starfsemi fyrirtækja í framleiðslugreinum og iðnaði. Þar er ekki tekin afstaða til hluta- eða aukastarfa og því bara um nálgun að ræða. 34% launamiða 2012 má rekja til þjónustugreina og verslunar, 9% til ferðaþjónustu og 6% sérstaklega til sjávarútvegs. Ríki og sveitarfélag standa fyrir 35% útgefna miða. 44% af launaveltu íbúa sveitarfélagsins árið 2012 má rekja til fyrirtækja með höfuðstöðvar utan Akureyrar.

Heildar rekstrartekjur akureyrskra fyrirtækja á árinu 2011 voru 142 milljarðar króna. Það er aukning úr 13 milljörðum árið 1997 og 82 milljörðum árið 2007 á verðlagi hvers árs skv. gögnum frá Ríkisskattstjóra. Aukning hefur sömuleiðis orðið ef tekið er tillit til verðlagsþróunar yfir tímabilið en þó ekki jafn mikil. Tekjur rekstraraðila hafa þannig aukist en sjá má neikvæða þróun í útsvarstekjum sveitarfélagsins á hvern íbúa 16-69 ára miðað við verðlagsþróun (heimild: Akureyrarbær og Hagstofan). Meðal útsvarstekjur íbúa hafa aukist frá 2007 og munurinn sem var milli höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar í úrsvarstekjum hefur minnkað verulega*.

*Útsvarsprósenta sveitarfélaganna hafa hækkað frá 13,03% í 14,48% á þessu tímabili. Árin 2009-2010 var Reykjavík með 0,25% lægri prósentu og árið 2011 var útsvarsprósenta Reykjavíkur 0,08% lægri. Að öðru leyti hafa þessi sveitarfélög haft sömu útsvarsprósentu. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, KPMG greining



SVIÐSMYNDIR AF ATVINNULÍFI Á AKUREYRI ÁRIÐ 2030

Í febrúar 2013 voru haldnir á vegum Akureyrarstofu tveir vinnufundir hagsmunaaðila atvinnulífs á Akureyri. Tilgangurinn var að draga upp mögulegar sviðsmyndir af starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana á Akureyri í framtíðinni. Horft var fram til ársins 2030. Til að fá fram fjölbreyttar skoðanir var reynt að kalla saman hóp fólks með ólíkan bakgrunn og þekkingu. Alls mættu 48 aðilar til leiks og komu að hugmyndavinnu en einnig var rafræn könnun gerð meðal um 450 aðila.

Rétt er að taka fram að sviðsmyndirnar eru ekki framtíðarsýn eða stefna Akureyrar í atvinnumálum heldur ber að skoða þær sem tæki til að velta upp hugsanlegri þróun atvinnulífs á svæðinu.


Sviðsmyndaaðferðin

Sviðsmyndaaðferðin byggir á því að finna mikilvægustu óvissuþættina í starfs- eða rekstrarumhverfi fyrirtækis, stofnunar eða sveitarfélags og skoða hvernig framtíðin gæti litið út ef nokkrir þessara þátta þróast samtímis í ólíkar áttir. Þúar eru til

mismunandi lýsingar (sviðsmyndir) af hugsanlegu framtíðarástandi og síðan skoðað hvaða atburðarás gæti leitt til þeirrar þróunar. Með því að lýsa hugsanlegri atburðarás er sýnt hvernig þróunin í hverri sviðsmynd getur orðið og þannig varpað ljósi á það hvaða ákvarðanir stjórnendur þurfa að taka í náinni framtíð og hvaða afleiðingar þær geta haft.

Sviðsmyndirnar eru góður bakgrunnur fyrir mat á stefnu og stefnumótandi ákvörðunum, s.s. til að koma auga á tækifæri í atvinnuþróun. Þannig er hægt að skoða hugsanlegar afleiðingar miðað við margar breytilegar forsendur. Einnig er hægt að bera saman hvaða áhrif ólíkir valkostir geta haft á mismunandi framtíðarástand. Þannig má sjá hvaða stefna er best fallin til að mæta óvissri framtíð og hvaða ákvarðanir fela í sér mesta áhættu ef þróunin verður með öðrum hætti en gert er ráð fyrir.

Þeir áhrifaþættir atvinnulífs sem þátttakendur telja að muni hafa mest áhrif á þróun mála á starfsumhverfi Akureyrar árið 2030 eru „Menntun“ og „Nýting náttúruauðlinda“. Þessir tveir þættir mynda ásana sem móta sviðsmyndirnar fjórar.





SAMANTEKT

Sviðsmynd 1: Grænn og sjálfbær ferðamannabær

Árið 2030 er Akureyri orðin þekktur heilsárs ferðamannastaður með fjölbreyttaafþreyingu og menningarstarfsemi. Akureyri er vinsæl á meðal listamanna og annarra skapandi starfsstétta sem geta sinnt vinnu sinni óháð búsetu. Góðar samgöngur og fyrsta flokks netsamband ýta undir þessa þróun. Bærinn er líka vinsæll staður á meðal fólks sem komið er yfir miðjan aldur eða á eftirlaun. Fjölbreytt þjónusta og góð almenn heilbrigðisþjónusta hafa aðdráttarafl og ýta undir margskonar heilsutengda starfsemi. Þótt hefðbundinn matvælaíðnaður sé að mestu lagður af er Akureyri þekkt fyrir gott úrval matar- og drykkjarvara sem framleiddar eru í smáum stíl. Einstaka framleiðendur eru þó farnir að byggja afkomu sína á útflutningi og „Græni markaðurinn“ á Akureyri er þekktur út fyrir landssteinana. Íbúum fækkar og tímabundin búseta innlendrar sumarhúsaeigenda er algeng.

Sviðsmynd 2: Höfuðborg í norðri

Árið 2030 er Akureyri ótvírætt höfuðborg hins nýja norðurs. Í borginni er fjölbreytt flóra iðnaðar- og þjónustufyrirtækja sem tengist náma- og olíuvinnslu, flutningum og byggingastarfsemi. Námu- og jarðefnaklasinn er öflugt samstarf verkfræði- og tæknifyrirtækja. Akureyri er stjórnsýslu- og þjónustumiðstöð fyrir stórt land- og hafsvæði. Mikil eftirspurn er eftir vinnuafli og meðallaun eru hin hæstu á Íslandi. Erlend olíufyrirtæki hafa komið upp starfsstöðvum á Akureyri og laða til sín margt menntafólk, bæði með viðskipta- og tækni menntun.

Erfitt er að manna ýmsar opinberar stöður og til dæmis kvarta kennarar yfir því að húsnaðisverð sé svo hátt að enginn kennari ráði við að búa á Akureyri. Þetta skapar aftur á móti möguleika fyrir ýmsa þéttbýliskjarna í nágrenni borgarinnar og þannig smitar vöxturinn út frá sér. Íbúar sveitarfélagsins eru komir yfir 60.000 og þar af búa 35.000 innan bæjarmarka Akureyrar.

Sviðsmynd 3: Iðnaðarbær

Árið 2030 er Akureyri ímynd hins endureista iðnaðarbæjar. Eftir sameiningu sveitarfélaga og áratug vaxtar og velgengni er íbúatala sveitarfélagsins komin yfir 60.000. Bærinn hefur á sér alþjóðlegan blæ, enda hafa mörg erlend fyrirtæki stofnað þar útibú. Þetta eru fyrirtæki sem tengjast með einum eða öðrum hætti náma- og olíuvinnslu eða flutningum. Höfnin á Dysnesi er stærsta höfn landsins og í tengslum við hana hefur byggst upp stórt iðnaðar- og umskipunarsvæði. Höfnin er mikilvægur hlekkur í auknum pólsiglingum. Íbúum af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið. Mjög margir koma frá Evrópuríkjum en fjölmennasti hópurinn kemur þó frá Kína og eru kínverskir íbúar á Akureyri yfir 1.000 þann 1. janúar 2030. Samfélagið á Akureyri einkennist af stöðugum vexti, nægri atvinnu en fremur einhæfu atvinnu- og menningarlífi. Meðaltekjur eru frekar háar en hálaunastörfin fá. Almenn þjónusta og heilsugæsla er góð og skólakerfi öflugt en sérfræðiþjónusta og menntun þarf að sækja utan svæðisins og margar mikilvægar ákvarðanir um þróun Akureyrar eru teknar langt frá Eyjafirði.


Sviðsmynd 4: Háskóla- og tæknibær

Árið 2030 er Akureyri háskóla- og tæknibær með sterkum alþjóðablæ. Íbúum á Akureyri hefur fjölgað mikið en „gegnumstreymi“ íbúa er líka mikið. Það eru einkum tveir hópar sem valda þessu. Margir koma til Akureyrar til að stunda nám eða tímabundna vinnu en flytja svo aftur burtu eftir nokkur ár. Annar hópur eldra fólks kemur til að nýta gott heilsu- og útivistarframboð, oft sem hluta af lengri dvöl. Þetta skapar líflegt samfélag með mikla þörf fyrir þjónustu, veitingastaði, líkamsrækt, afþreyingu, menningu og listir. Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið hafa sterk alþjóðleg tengsl í gegnum menntastofnanir, heilsustofnanir og ýmis fyrirtæki. Hugvit og menntun eru mikilvægir drifkraftar á bak við þessa þróun. Atvinnustigið er mjög hátt og laun sömuleiðis. Það er erfitt að manna mörg þjónustustörf en hvers kyns tækni og sjálfvirkni eru nýtt í slíku samhengi. Rík áhersla er á að fullnýta sem flesta hluti, hvort sem um er að ræða mat, annað hráefni eða mannvirki og tækniþekkingu. Þetta kallar á samstarf margra ólíkra aðila og sumir kalla Akureyri klasabæinn vegna hinna mörgu samstarfsverkefna fyrirtækja og opinberra aðila.




Stofnanir á Akureyri í maí 2013

MENNTASTOFNANIR



RANNSÓKNARSTOFNANIR AÐ BORGUM





ÞÁTTTAKENDUR Í STEFNUMÓTUN (92) FRH.

Nafn

Aðalsteinn Árnason
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir
Arna Jakóbína Björnsdóttir
Arnheiður Jóhannsdóttir
Arnþjótur Bjarki Bergsson
Árni Viðar Friðriksson
Baldur Dýrfjörð
Bergþór Erlingsson
Bjarni Fritzson
Bjarni Gautason
Bjarni Jóhannsson
Bjarni Jónasson
Böðvar Kristjánsson
Dagný M. Harðardóttir
Dan Jens Brynjarsson
Davið Kristinsson
Edward Hákon Huijbens
Eiður Arnar Pálmason
Ellert Örn Ellertsson
Elva Gunnlaugsdóttir
Elva Káradóttir
Embla Eir Oddsdóttir
Fjóla Björk Jónsdóttir
Geir Gíslason
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Guðmundur Haukur Sigurðarson
Guðmundur Karl Jónsson
Guðmundur Óli Hilmisson
Guðrún Karítas Garðarsdóttir
Halla Björk Reynisdóttir
Halldór Sigurður Guðmundsson
Haukur Tryggvason
Haukur F. Valtýsson
Hákon Hákonarson
Heimir Kristinsson
Helena Karlsdóttir
Helgi Pálsson
Hildur Betty Kristjánsdóttir
Hjalti Jóhannesson

Fyrirtæki /stofnun

VGJ
Háskólinn á Akureyri
Kjölur - stéttarfélag
Markasstofa Norðurlands
Matís
Raftákn
Norðurorka
SBA
Akureyri Handboltafélag
ÍSÖR
Knattspyrnufélag Akureyrar
Sjúkrahúsið á Akureyri
SS Byggir
Akureyrbær
Akureyrbær
Heilsuþjálfun
Rannsóknarmiðstöð Ferðamála
Íþróttafélagið Þór
Akureyrbær
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
Hönnuður / Listakona
Norðurlóðanet Íslands / Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
Háskólinn á Akureyri
Akureyri Backpackers
Lífeyrissjóðurinn Stapi
Mannvit HF - verkfræðistofa
Skíðastaðir Hlíðafjalli
Nýsköpunarmiðstöð
Penninn Eymundsson
Isavia
Öldrunarheimilið Hlíð
Græni hatturinn
ÍBA - Íþróttabandalag Akureyrar
Félag Málmíðnaðarmanna á Akureyri
Samtök iðnfélaga / Félag Byggingarmanna
Ferðamálastofa / Vinnumarkaðsráð VMST
Gámaþjónusta Norðurlands
Símey
Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA)



Nafn

Hjörtur Narfason
Hólmfríður Jóhannsdóttir
Hólmkell Hreinsson
Hrafnhildur E. Karlsdóttir
Hreiðar Þór Valtýsson
Hulda Sif Hermannsdóttir
Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Ingibjörg Ringsted
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Ingvar Þóroddsson
Jón Bragi Gunnarsson
Jón Hjaltason
Jón Hrói Finnsson
Jónas Vigfússon
Jón Már Héðinsson
Karl Frímannsson
Kristín Halldórsdóttir
Kristín Sóley Björnsdóttir
Logi Már Einarsson
Margrét Guðjónsdóttir
María Helena Tryggvadóttir
Matthías Rögnvaldsson
Njáll Trausti Friðbertsson
Oddur Helgi Halldórsson
Orri Gautur Pálsson
Orri Stefánsson
Pétur Bolli Jóhannesson
Pétur Ólafsson
Pétur Þór Jónasson
Ragnar Sverrisson
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir
Ragnheiður Skúladóttir
Rannveig Björnsdóttir
Reynir Eiríksson
Rúnar Sigurpálsson
Selma Dögg Sigurjónsdóttir
Sigfús Karlsson
Sigríður Huld Jónsdóttir
Sigrún Björk Jakobsdóttir

Fyrirtæki /stofnun

Möl og Sandur
Menntaskólinn á Akureyri
Amtsbókasafnið á Akureyri
Kea Hótel
Háskólinn á Akureyri
Akureyrarstofa
Akureyrarbær
Lostæti-Akureyri
Menningarfélagið Hof
Sjúkrahúsið á Akureyri
Akureyrarbær
Sagnfræðingur
Sveitarfélagið Svalbarðsstrandarhreppur
Sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit
Menntaskólinn á Akureyri
Akureyrarbær
Mjólkursamsalan
Minjasafnið á Akureyri
Kollgáta
Heilsugæslustöðin á Akureyri
Akureyrarstofa
Stefna
Sæluhús
Blikkrás
Sjálfstætt starfandi, upplýsingatækni
Akureyrarbær
Akureyrarbær
Hafnarsamlag Norðurlands
Eyþing
JMJ
Menningarsjóður Eyþings
Leikfélag Akureyrar
Matís
Norðlenska
Becromal Iceland
Nýsköpunarmiðstöð
Framtal bókhaldsþjónusta
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Icelandair hotels



Nafn

Sigrún Sigurðardóttir
Sigurður Friðleifsson
Sigurður Kristinsson
Sigurður Steingrímsson
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Sonja Stelly Gústafsdóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Stefán Ólafsson
Svavar Sigmundsson
Sveinn Margeirsson
Unnsteinn Jónsson
Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson
Þórgnýr Dýrfjörð
Þórleifur Stefán Björnsson

Fyrirtæki /stofnun

Háskólinn á Akureyri
Orkusetur
Háskólinn á Akureyri
Nýsköpunarmiðstöð
Menntaskólinn á Akureyri
Háskólinn á Akureyri
Grasrót lðngarðar
Efling - sjúkraþjálfun
Slippurinn Akureyri
Mátis
Vífelfell hf
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
Akureyrbær
Samtök atvinnurekenda á Akureyri



ÞÁTTTAKENDUR Í SVIÐSMYNDAVINNU (41)

Nafn

Anton Benjamínsson
Arnheiður Jóhannsdóttir
Árni Gunnarsson
Bergur Elías Ágústsson
Bjarni Jónasson
Eiríkur Björn Björgvinsson
Elín Dögg Gunnarsdóttir
Embla Eir Oddsdóttir
Fjóla Björk Jónsdóttir
Guðmundur Óli Hilmisson
Gunnar Larsen
Gunnlaugur Eiðsson
Halla Björk Reynisdóttir
Halldór Jóhannsson
Haukur Óskarsson
Helgi Jóhannsson
Hilda Jana Gísladóttir
Hjalti Jóhannesson
Hjördís Þórhallsdóttir
Hreiðar Þór Valtýsson
Hulda Sif Hermannsdóttir
Ingibjörg Ringsted
Ingiríður Ásta Karlsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Logi Már Einarsson
María Helena Tryggvadóttir
Pétur Bolli Jóhannesson
Pétur Ólafsson Hafnarsamlag
Ragnheiður Skúladóttir
Rúnar Sigurpálsson
Sigmundur Ófeigsson
Sigríður Huld Jónsdóttir
Soffía Gísladóttir Vinnumálastofnun
Sævar Freyr Sigurðsson
Unnsteinn Jónsson
Vilborg Jóhannsdóttir
Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson
Þorvarður Guðlaugsson
Þóra Ákadóttir
Þórgnýr Dýrfjörð
Ögmundur Knútsson

Fyrirtæki /stofnun

Slippurinn Akureyri
Markasstofa Norðurlands
Flugfélag Íslands
Sveitarfélagið Norðurþing
Sjúkrahúsið á Akureyri
Akureyrarbær
Dekkjahöllin
Stofnun Vilhjáms Stefánssonar
Háskólinn á Akureyri
Nýsköpunarmiðstöð
Kælsmiðjan Frost
Kjarnafæði
Isavia
Arctic portal
Mannvit
Norðurorka
N4
Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA)
Isavia
Háskólinn á Akureyri
Akureyrarstofa
Lostæti-Akureyri
Landsbankinn
Mjólkursamsalan
Kollgáta
Akureyrarstofa
Akureyrarbær
Norðurlands
Leikfélag Akureyrar
Becromal Iceland
Norðlenska
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Norðurlandi eystra
Saga Travel
Vífílfell
Centro
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
Icelandair
Sjúkrahúsið á Akureyri
Akureyrarstofa
Háskólinn á Akureyri

